

122. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn miðvikudaginn 6. febrúar 2008 kl. 18 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, Daði Jóhannesson, Sigurborg Sturludóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri.

1. Jóhanna fór yfir þær breytingar sem orðið hafa frá áramótum. Ekki hefur verið ráðið í 40% stöðu Tómasar en kennslunni var skipt á milli Hólmgeirs og Jóhönnu.

Lúðrasveitin er að fara á Landsmót skólalúðrasveita helgina 15.-17. febrúar sem haldið verður í Reykjanesbæ.

Skólastjórar Tónlistarskólans, grunnskólans og leikskólans hafa hist vegna skólastefnu Stykkishólms og heldur sú vinna áfram. Rætt var um skólastefnuna.

Tónfundum vorannar hefur verið frestað framyfir páska vegna anna, meðal annars söngleikjar sem frumsýndur verður í byrjun mars og er samstarfsverkefni grunnskólans og tónlistarskólans og TónVest.

Sex nemendur munu taka áfangapróf í vor.

Rætt um hugmyndir um tónleika nemenda sem eru lengra komnir.

Sigrún Lárusdóttir hefur sagt upp stöðu sinni í vor.

2. Önnu mál voru engin.

Fundi slitið kl. 18.40.

Daði Jóhannesson (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Sigurborg Sturludóttir (sign).